

Fjallabyggð  
Gránugötu 24  
580 Siglufjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 8. desember 2015  
UST201510-148/K.S.J.  
10.04.03

### Efni: Tillaga að deiliskipulagi Leirutanga, Siglufirði, Fjallabyggð.

Vísað er til erindis tæknifulltrúa Fjallabyggðar er barst 21. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Leirutanga, Siglufirði, Fjallabyggð.

### Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að Skipulagssvæðið á Leirutanga er landfylling sem hefur stækkað smám saman þar sem sorp var urðað við ströndina á árunum 1945 – 1975. Svæðið er 13 ha að stærð, þar er athafnasvæði, en að öðru leyti er það óbyggt og ófrágengið.

Ofangreind breytingartillaga felur í sér eftirfarandi breytingar á Leirutanga: Tjaldsvæði sem áður var á norðausturhluta tangans er nú á suðausturhluta hans og fjær mengaðri landfyllingu og í nánari tengslum við fyrirhugaða verslun og þjónustu, griðland fugla sem áður var áætlað á suðurhluta tangans er nú á norðurhluta hans og aðlagð að núverandi tjörn, fjallahjólsvæði fellt út og lóðamörk og byggingarreitur fyrir verslun og þjónustu stækkar.

Á svæðinu eru ekki náttúruminjar.

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreint deiliskipulag.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Björn Stefánsson  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur